

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga**

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH), þriðjudaginn 1. febrúar 2022 kl. 13:00. Fundað var í fjarfundí (Teams).

**Mætt voru:**

Fyrir hönd félagsins: Guðfinnur Þór Newman, Steinar Lúðvíksson og Bergdís Linda Kjartansdóttir.

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Petta gerðist:**

**1. Endurskoðun starfaskilgreininga sbr. bókun 3**

Bókun 3 um endurskoðun starfaskilgreininga í kjarasamningi aðila frá árinu 2020 er svohljóðandi:  
*Aðilar eru sammála um að verja allt að 1,5% til að ljúka endurskoðun starfaskilgreininga og launaröðunar, samkvæmt bókun 3 með kjarasamningi frá 2014. Í þeim kostnaði felast þær breytingar sem gerðar hafa verið á röðun starfsheita skv. sérákvæði I í þessum samningi og gilda frá 1. apríl 2016, ásamt viðbótarbreytingum sem aðilar munu ná samkomulagi um og gilda frá 1. júní 2018.*

Fyrir fundi lá tillaga að endurskoðuðum starfsheimum og nýjum launaflokkaröðunum fyrir KVH. Einnig var farið yfir tillögur að starfaskilgreiningum vegna endurskoðunar á starfsheimum.

**Niðurstaða:**

Aðilar samþykkja breytingu á starfsheimum og launaflokkaröðun samkvæmt eftirfarandi töflu sem gildir frá 1. febrúar 2022:

Ný starfsheiti	Lfl
Verkefnastjóri 1/sérfræðingur	28
Skrifstofustjóri	32
Verkefnastjóri m sért áb	33
Forstöðumaður	38
Verkefnastjóri 3	40
Deildarstjóri	45
Sviðsstjóri	57

Vörpun úr eldri starfsheimum yfir í ný er samkvæmt eftirfarandi töflu:

Ný starfsheiti og vörpun KVH			
Starfsheiti og röðun til 31. janúar 2022	Lfl.	Starfsheiti og röðun frá 1. febrúar 2022	Lfl.
Sérfræðingur	26	Sérfræðingur/verkefnastjóri 1	28
Verkefnastjóri	27	Sérfræðingur/verkefnastjóri 1	28
Skrifstofustjóri 1	28	Skrifstofustjóri	32
Forstöðumaður 1	30	Skrifstofustjóri	32
Skrifstofustjóri 2	31	Skrifstofustjóri	32
Verkefnastjóri með sértauka ábyrgð	31	Verkefnastjóri með sértauka ábyrgð	33
Forstöðumaður 2	32	Verkefnastjóri með sértauka ábyrgð	33
Forstöðumaður 2	32	Forstöðumaður	38
Forstöðumaður 3	34	Forstöðumaður	38
Verkefnastjóri 3	38	Verkefnastjóri 2	40
Deildarstjóri 1	41	Deildarstjóri	45
Deildarstjóri 2	44	Deildarstjóri	45
Sviðsstjóri 1	49	Sviðsstjóri	57
Sviðsstjóri 2	54	Sviðsstjóri	57

### Stuttar starfaskilgreiningar eru svohljóðandi:

#### **Verkefnastjóri 1/sérfræðingur – lfl. 28**

Vinnur almenn sérfræðistörf undir stjórn annarra, vinnur í samvinnu við aðra sérfræðinga og ber ábyrgð á verkefnum sínum gagnvart yfirmanni sínum. Starfið getur falið í sér umsjón verkefna og/eða málaflokka. Í starfinu getur falist stefnumótunarvinna, ráðgjöf og samskipti við aðra starfsmenn og stofnanir. Getur farið með verkstjórn, en hefur ekki mannaforráð.

#### **Skrifstofustjóri – lfl. 32**

Starfið felur í sér umsjón með rekstri og starfsemi afmarkaðra rekstrareininga, undir stjórn deildarstjóra, forstöðumanns eða sviðsstjóra.

#### **Verkefnastjóri með sértauka ábyrgð – lfl. 33**

Starfið felur í sér sértauka ábyrgð verkefna og/eða málaflokka. Í starfinu felst stefnumótunarvinna og mikil samskipti við aðra starfsmenn og stofnanir. Getur farið með verkstjórn, en hefur að jafnaði ekki mannaforráð.

#### **Forstöðumaður – lfl. 38**

Starfið felst fyrst og fremst í stjórnun, áætlanagerð, rekstri og samhæfingu starfsemi stofnunar. Ber ábyrgð á rekstri og starfsemi stofnunar, hefur mannaforráð og tekur þátt í stefnumótun.

#### **Verkefnastjóri 2 – lfl. 40**

Starfið felur í sér sértauka ábyrgð og umsjón umfangsmikilla verkefna og/eða málaflokka. Í starfinu felst mikil stefnumótunarvinna og náið samstarf við aðra starfsmenn, æðstu stjórnendur og stofnanir. Fer með verkstjórn, en hefur að jafnaði ekki mannaforráð.

#### **Deildarstjóri – lfl. 45**

Starfið felur í sér ábyrgð á ákveðnum málaflokki undir yfirstjórn sviðsstjóra eða framkvæmdastjóra. Deildarstjóri ber ábyrgð á stefnumótun, fjárhags- og starfsáætlunargerð, kostnaðareftirliti og hefur mannaforráð. Gerð er krafa um framhaldsmenntun á háskólastigi eða viðamikla stjórnunarreynslu.

**Sviðsstjóri – lfl. 57**

Starfið felur í sér ábyrgð á stefnumörkun og áætlanagerð, stjórnun sviðs og daglegum rekstri þess, skipulagningu, samhæfingu og miðlægu eftirliti og vöktun í samræmi við meginmarkmið stofnunar/sveitarfélags. Starfið felur í sér yfirgripsmikla ábyrgð og mannaforráð. Gerð er krafa um framhaldsmenntun á háskólastigi eða viðamikla stjórnunarreynslu.

Breytingar eru ekki afturvirkar.

Ofantaldar breytingar gilda fyrir þá félagsmenn KVH sem eru í starfi 1. janúar 2022.

Fulltrúar SNS munu óska eftir kynningu fyrir KVH hjá Verkefnastofu starfsmats á næstunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.